

Fréttapistill frá forseta Íslands

1. nóvember 2020

Kæru landsmenn.

Nú við upphaf nýrrar viku berast okkur þær sorgarfrægir að í nótt létust tveir hér á landi af völdum Covid-19. Þá hafi fimm dáið í þessari þriðju bylgju faraldursins og samtals 15 frá því að farsóttarinnar varð vart hér. Ég sendi ástvinum samúðarkveðjur.

Á miðnætti gekk í gildi ný reglugerð um fjöldatakmörk og ýmsar skorður við mannamótum. Ég hvet fólk sem fyrr til að kynna sér öll tilmæli og leiðbeiningar, t.d. hér: <https://www.covid.is/.../gildandi-takmarkanir-i-samkomubanni>. Þessum varnarviðbrögðum er ætlað að tryggja að innan heilbrigðiskerfisins verði ætíð unnt að sinna þeim sem þurfa á nauðsynlegri bráðþjónustu og lækningum að halda, bæði þeim sem veikjast af veirunni og öllum hinum sem glíma við önnur mein og þurfa samstundis bót þeirra. Ég finn einhug í samfélaginu um það að við viljum ekki lenda í þeirri skelfilegu raun að þurfa að velja hverjir komist á sjúkrahús og hverjir ekki.

Því miður kom hópsmit upp í vikunni á Landakoti, deild Landspítala í Reykjavík. Vonir hljóta að standa til þess að allra leiða verði leitað til að koma í veg fyrir slíkt áfall á ný. Að sama skapi er sárt að sjá eða lesa frægir af því að fólk taki veiruvandann ekki alvarlega, láti jafnvel skammtímahagsmuni vega þyngra þangað til í óefni er komið.

Þegar allt kemur til alls njótum við Íslendingar þó enn þeirrar samstöðu og þeirrar þrautseigju sem býr með okkur. Við getum gert þetta saman og næstu vikurnar verðum við að gera okkar allra besta í þessari baráttu. Ef við sinnum öll okkar eigin sóttvörnum, verðum að liði frekar en að auka á vandann, er raunsæ von til þess að við náum að halda veirunni svo mjög í skefjum að samfélagið færist nær venjulegu horfi fyrir jól.

Eins og gefur að skilja fækkar viðburðum, fundum og ferðum til muna í þessu ástandi. Við upphaf síðustu viku, síðastliðinn sunnudag, var sýnt viðtal við mig í Landanum og rætt nánar um hörrækt hér á Bessastöðum í tíð Sveins Björnssonar, fyrsta forseta landsins, og konu hans Georgíu Björnsson. Frú Georgía var áhugasöm um hvers kyns ræktun á staðnum og Sveinn ekki síður. Áhugasamir geta horft á þáttinn hér: <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/landinn/29058/8l3phl>.

Á mánudaginn var, 26. október, var þess minnst að aldarfjórðungur var frá snjóflóðinu á Flateyri sem varð 20 manns að aldurtila. Ég veit að við Íslendingar hugsum hlýtt til þeirra sem misstu ástvini í þessum hamförum og snjóflóðinu sem rann yfir Súðavík fyrr um árið 1995. Þá létust 14 manns. Mannskaði varð einnig í öðrum snjóflóðum á Vestfjörðum árin 1994–1995 og á þessari öld hafa fjórir látist í snjóflóðum á Íslandi. Mannskæðustu flóðin fyrr á tíð urðu í Hnífsdal árið 1910 þegar 20 fórust og Seyðisfirði 1885. Þá dóu 24. Loks er hermt að 30–50 manns hafi farist í snjóflóði sem reið yfir Siglunes árið 1613. Þá var þar mikil byggð en nú er útlit fyrir að nesið snarminnki og hverfi jafnvel fyrir ágangi sjávar. Náttúruöflin eru máttug en

mannkyn getur samt látið til sín taka. Snjóflóðavarnir hafa víða risið og baráttunni við farsóttina mun ljúka betur en raun var fyrir á öldum. Þá var fátt um úrræði en nú munu vísindi okkar og þekking verða að drjúgu liði. Senn mun bóluefni finnast sem skiptir sköpum. Saga og samtíð eiga því að fylla okkur bjartsýni, þrátt fyrir allt.

Þriðjudaginn 27. október voru verðlaun Norðurlandaráðs afhent. Viðburðurinn var með öðru sniði en venjulega, í höndum okkar Íslendinga en án hátíðar þar sem fólk kemur saman og gleðst yfir hvers kyns listsköpun á norrænum vettvangi. Þess í stað voru kveðjur, viðtöl og annað efni tekið upp og sýnt í sjónvarpsþætti sem sómi var að. Í minn hlut kom að afhenda barna- og unglingsbókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2020. Jens Mattsson og Jenny Lucander urðu þess heiðurs aðnjótandi í ár fyrir bók sína „Vi är lajon!“ Hægt er að horfa á sjónvarpsþáttinn hér:

<https://www.ruv.is/.../verdlaunaafhendning.../30654/94arfi>.

Í samnorrænum anda tók ég líka þátt í rafrænni kynningu finnska sendiráðsins í Reykjavík á múmínálfunum og Tove Jansson, hinum frábæra höfundu þeirra. Mitt framlag má sjá hér:

<https://www.facebook.com/SuomenSuurlahetystoReykjavik/posts/3390608947653771>

Miðvikudaginn 28. október átti ég fjarfund með Kersti Kaljulaid, forseta Eistlands. Við ræddum samstarf Íslands og Eistlands á vettvangi Norðurlanda og Eystrasaltslanda, auk viðbragða í ríkjunum báðum við veirunni skæðu. Eistlendingum hefur gengið vel í þeirri baráttu og aðáunarvert er að sjá hversu mikla áherslu þeir leggja á nýsköpun og fjórðu iðnbyltinguna í allri sinni framtíðarsýn. Gamalt og nýtt haldast í hendur á fjarfundum mínum á Bessastöðum eins og myndin að neðan sýnir, nýtískumyndavél hvílir á fornum bókum.

Já, við getum fundið gleði í bóklestri og annarri afþreyingu og skemmtun sem hægt er að njóta þessa mæðusömu veirudaga. Gaman var að fylgjast með íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu í leik þess gegn Svíum í undankeppni Evrópumótsins á þriðjudaginn var. Sigur náðist ekki en ekkert vantaði upp á einingu og baráttuanda stelpnanna okkar. Og það kemur leikur eftir þennan leik!

Hertar varnir gegn veirunni verða því miður til þess að íþrótta- og æskulýðsstarf fellur niður næstu vikurnar eða er háð miklum takmörkum. Engum blöðum er um það að fletta hversu erfitt þetta er fyrir mörg ungmenni landsins. Að mínu mati er brýnt að ræða við þau um nauðsyn þessara aðgerða og á hverju þær eru byggðar. Sömuleiðis væri heilladrjúgt að við fullorðna fólkíð reyndum að sýna gott fordæmi. Hinar hertu varnir leiddu skiljanlega til þess að ákveðið var að hætta leik á Íslandsmótinu í knattspyrnu, rétt eins og gert var víða í íþróttaheiminum í nágrannalöndum í vor og sumar. Vart er hægt að segja að unnt sé að fagna sigri þegar úrslit ráðast á því að ekki megi lengur keppa til sigurs. Úrslit lágu samt fyrir eftir þessa ákvörðun og yfir því var unnt að gleðjast á hófsaman hátt eins og kvinnalið Breiðabliks sýndi svo vel, með því að virða samkomutakmörk, með tilhlýðilegri virðingu fyrir því ástandi sem ríkir og þeim áhrifum sem það hefur á íþróttaæskuna auk annarra sem unna íþróttum, hreyfingu og líkamsrækt. Ég óska Blikum til hamingju með Íslandsmeistaratilinn kvennamegin og Valsmönnum sömuleiðis á vettvangi karlanna. Þeir hlupu að vísu mjög illa á sig í fögnuði sínum en viðurkenndu mistökin. Það má virða.

Á föstudaginn var sendum við Eliza kveðju til heilbrigðisstarfsfólks á Landspítala og öðrum heilbrigðisstofnunum landsins. Mikið mæðir nú á þessari framvarðasveit og heiður þeim sem heiður ber. Hér að neðan eru myndir frá upptökustundinni hér á Bessastöðum. Kveðju okkar má sjá hér: <https://vimeo.com/473776974>

Í kveðjunni sagði ég meðal annars: „Fyrir hönd allra íbúa landsins sendum við ykkur innilegar þakkir. Þið standið vaktina að nóttu sem degi. Þið standið vaktina í þjóðarþágu, á Landspítala og öðrum sjúkrahúsum, á heilsugæslustöðvum og hjúkrunarheimilum, í heimahjúkrun og víða annars staðar. Margir fleiri eiga þakkir skildar en um þessar mundir er heilbrigðiskerfi okkar undir einstöku álagi. Ábyrgð okkar hinna er mikil. Við þurfum hvert og eitt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að létta ykkur störf. Við þurfum að stuðla að því að ykkur gangi sem allra best að verja þá sem eru veikastir fyrir.“

Á þessum sunnudegi er alþjóðlegur dagur grænkerana (World Vegan Day). Sjálfur er ég ekki grænkeri en fólk í fjölskyldunni hefur þann lífsstíl og nýtur vel. Ég lofaði að fylgja þeirra fordæmi í dag en mun svo áfram njóta fisk- og kjötmetis í hófi, auk annarrar fjölbreyttrar fæðu. Nánari upplýsingar má t.d. sjá á fésbókarsíðu Samtaka grænkerana á Íslandi: <https://www.facebook.com/Graenkeri/posts/3166695043458791>.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og á mér þá von að við stefnum saman að því að verða að liði þessa erfiðu daga, að gagnrýnin hugsun leiði okkur á þá braut. Því nefni ég í lokin þau ánægjulegu tíðindi nýliðinnar viku að samkvæmt skoðanakönnun treysta yfir 95% landsmanna þrýykinu þjóðkunna til að miðla áreiðanlegum upplýsingum um farsóttina. Traust er undirstaða árangurs í þessari sameiginlegu baráttu okkar, traust, samstaða og vísindaleg þekking.